



Swastika

Swastikan er fornt tákn sem fyrirfinnst víðsvegar um heiminn en er sérstaklega algengt í Indlandi og er mest notaða trúartákn hindúa. Swastika er kross með fjórum jafnlöngum örmum þar sem endi hvers arms beygist til hægri. Stundum eru punktar á milli hvers arms. Nafn þess kemur frá sanskrítar orðinu svasti sem merkir „er gott“ og táknar því gæfu, heppni og velferð.



Talsverður merkingarmunur er á swastiku þar sem armarnir beygja til hægri og swastiku þar sem armarnir beygja til vinstri. Hægriarma-swastikan er tákn sólarinnar og guðsins Vishnu. Með snúningnum á arminum sýnir táknið göngu sólarinnar, eins og hún er í norðurhluta jarðar, frá austri til suðurs og frá suðri til vesturs. Vinstriarma-swastikan er hinsvegar tákn næturinnar, töfra og hinnar hræðilegu gyðju tímans Kali.

Algengast er að swastikan sé notuð sem happatákn og hún er notuð til að merkja byrjunina í bókhalda, sett á hurðir og þröskulda, listaverk, fatnað og margt fleira. Hún er einnig mikilvægur hluti hátíðarskreytinga og meira að segja tertur eru skreyttar með henni.

Nasistar eru þeir kallaðir sem aðhyllast hugmyndafræði nasisma. Þeir, undir stjórn Adolfs Hitlers, lögðu mikla áherslu á að viðhalda hreinum norrænum kynstofni og undir stjórn þeirra var fólk sem nasistar töldu óæðri eða óæskilega barið niður og drepið. Þetta var fólk sem álitíð var af öðrum kynstofnum eða aðrir minnihlutahópar s.s. gyðingar, sígaunar, samkynhneigðir, fatlað fólk og pólitískir andstæðingar. Áætlað er að allt að 11 milljónir manns hafi verið dreppnar á skipulagðan hátt á þessum tíma af nasistum.

Swastikan er einnig þekkt tákn annars staðar í heiminum. Vinstriarma-swastika táknaði t.d. hamar Þórs meðal norrænna manna á tímum víkinganna og hægriarma-swastikan var sólaratákn meðal indíána Norður- og Mið-Ameríku.

Í valdatíð Hitlers í Þýskalandi tóku nasistar swastikuna og notuðu sem sitt tákn vegna þess að þeir töldu það vera arískt tákn sem táknaði yfirburði hins norræna ættstofns. Margir nasistaleiðtogar höfðu mikinn áhuga á dulrænum hlutum og það kann að vera að þeir hafi því verið heillaðir af tengslum swastikunnar við töfra.



Spurningar

1. Hvað er swastika?
2. Hvað táknar swastikan hjá hindúum?
3. Hver er munurinn á hægri- og vinstriarma-swastikum?
4. Hvernig nota hindúar swastikuna?
5. Hverjir aðrir hafa notað swastiku-táknið og hvað merkti táknið hjá þeim?